

Samband íslenskra sjóminjasafna
Fornbátaskrá Íslands

Fornbátaskrá nr. 20

Fornbátaskrá Sjóminjasafns Austurlands, Eskifirði



Randulffs-sjóhús og báturinn Nakkur. Mynd: visiteskifjordur.is 2018

Helgi Máni Sigurðsson
Reykjavík 30.12. 2018

Inngangur

Í Sjóminjasafni Austurlands á Eskifirði eru bátar og munir sem tilheyra sjósókn og vinnslu sjávar afla. Einnig eru þar verslunarminjar og hlutir sem tilheyra ýmsum greinum iðnaðar og lækninga frá fyrri tíð. Sjóminjasafnið er staðsett í gömlu verslunarhúsi, Gömlu búð, sem reist var 1816.

Bátar og skip í eigu Sjóminjasafns Austurlands á Eskifirði eru fimm talsins, þrjár trillur og tveir árabátar. Elstur þeirra er Nakkur, frá 1912, smíðaður í Færeyjum. Næstur honum kemur norskur árabátur frá 1915-16. Þeir ber vitni um hve samskipti og samgangur voru mikil milli Austfjarða og þessara landa framan af 20. öldinni. Þrír bátanna eru á Eskifirði, þar af einn á sýningu, hinir í geymslu. Tveir bátar eru í geymsluná Reyðarfirði.

Í eigu Fjarðabyggðar eru síðan tveir vélbátar til, annar sem er varðveittur á Neskaupstað og kannski sá merkasti, Hrólfur Gautreksson, frá 1906, hinn á Fáskrúðsfirði, Rex, Hrólfur var lengi til sýnis gestum og gangandi en hefur nú verið settur inn í hús vegna fúa. Báturinn á Fáskrúðsfirði, Rex, hefur verið utandyra í nokkur ár en er strax farinn að láta á sjá.

Efnisyfirlit

Nakkur	3
Kópur	8
Árabátur árgerð 1915	12
Árabátur árgerð 1957	16
Svanur SU 513	19
Hrólfur Gautreksson SU 299	23
Rex SU 3	31
Viðauki I: Einar Sigurðsson bátasmiður og Oddaverkstæðið	37
Viðauki II: Viðtal við Geir Hólm 18. 7. 2018	41



Nakkur SU 380 í Síldarsjóhúsinu, 2018. Renna stendur upp á endann í stafni. Ljós. HMS

Nakkur SU 380

1. Skipaskrárnúmer: 693

2. Tegund: Seglbátur með hjálparvél; dekkadur vélbátur¹

3. Hlutverk: Fiskibátur til 1954; eftir það einnig póstbátur

4. Eigandi: Sjóminjasafn Austurlands, Eskifirði (frá 1990)

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:

Nakkur hafði alltaf sama nafn og númer á Íslandi.

- 1912: Nakkur GK 335; útvegsmenn í Kunoy í Færeyjum
- 1920: Hermann Þorsteinsson, Klakksvík
- 1929: NS 380; í eigu útgerðarmanna á Seyðisfirði
- 1964: SU 380; seldur til Djúpavogs
- 1977: Arnór Karlsson.
- 1984: Arnór Karlsson og Stefán Arnórsson ²
- 1990-1991: afskráður og afhentur Sjóminjasafninu ³

6. Varðveislustaður: **Síldarsjóhúsið** á Eskifirði.

¹ Geir Hólm, viðtal 2018

² Jón Allansson s. 40-41; Geir Hólm 2002; Íslefskt sjómannaalmanak 1977 s. 462 og 1984 s. 509

³ Jón Allansson s. 40-41, Geir Hólm 2002



Nakkur SU 380 í Síldarsjóhúsinu, 2018, millidekkið og stýrishúsið. Ljósm. HMS

7. Smíðaaár: 1912

8. Smíðastöð: Hjá Lias í Rættará

9. Smíðastaður: Þórshöfn, Færeyjar

10. Brúttórúmlestir: 4,86;⁴ síðar 8,03 ⁵

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 9,76 x 2,65 x 1,32 ⁶

12. Smíðaeefni og samsetning skrokk:

Eik í böndum og fura í byrðing; sléttisúð (innsúð fullkomin)

13. Skrokklag: Framstefni er lóðrétt, beint. Að aftan er rúnað hekk (sett á hann 1950). Upphaflega hefur hann kannski verið með gafl, sbr. kúttara.

14. Þilför: Dekkaður (alþiljaður)

15. Yfirbygging: Stýrishús var sett á hann um eða upp úr 1920 (afturbyggður)

16. Lokuð rými: Lúkar, lest, vélarúm

17. Möstur og seglabúnaður: Í upphafi var á honum seglabúnaður af slup-gerð. Nakkur er einmastraður (framsigla) og var á sínum tíma með bugspjót. ⁷

18. Vél:

- 1912: Gideon
- 1929: Bolinder, 12 hö
- 1950: Kelvin J2 22 hö

⁴ Jón Allansson s. 40

⁵ Skv. mælingu 28. nóv. 1987

⁶ Mælt 28.11. 1987. Skv. Skipaskrá 1941 er hann 31,1 ft á lengd, breidd 8,1 ft og dýpt 4,2 ft. (Jón Allansson)

⁷ Jón Allansson s. 40-41

– 1971: Perkins díselvél 72 hö⁸

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Nakkur SU 380 í Síldarsjóhúsinu, 2018. Ljósmynd. HMS

20. Notkunarsaga:

Nakkur var fyrstu árin í eigu útvegsmanna í Kunoy, sem er eyja norðaustan til í Færeyjum, skráður GK 335. Árið 1920 keypti hann Hermann Þorsteinsson, Íslendingur búsettur í Klakksvík. Líklegast hefur hann gert bátinn út á árunum 1920-1929. Frá árinu 1929 var báturinn í eigu útgerðarmanna á Seyðisfirði fyrstu áratugin; skráður NS 380. Um 1930 var hann umbyggður, eins og það er orðið í heimildum.

Hann var síðan aðallega gerður út til fiskveiða en frá 1954 var hann einnig notaður sem póstbátur milli Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar. Árið 1964 var hann seldur til Djúpavogs, skráður SU 380.

Árið 1990 ákváðu eigendur að úrelða bátinn en Sjóminjasafn Austurlands kom þá til skjalanna og keypti hann. Hann kom til Eskifjarðar í lok árs 1990 og þann 21. janúar 1991 er hann tekinn af skipaskrá og afhentur Sjóminjasafni Austurlands til eignar. Þar var hann gerður upp og var í allmörg ár látinn standa við hliðina á Randulfs-sjóhúsi sem er frá 1890 og safnið stóð að viðgerðum á.⁹

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Nakkur skilar sér

⁸ Jón Allansson s. 41

⁹ Jón Allansson s. 41

Meðan Nakkur var í eigu Færeyinga gerðist það einu sinni að hann bilaði og skipshöfnin þurfti að yfirgefa hann, bjargaðist um borð í annan bát og komst þannig í land. Daginn eftir kom hann fljótandi í eittundi. Það þurfti ekki annað en að draga hann að bryggju. Það er ekki venjulegt að bátar skili sér þannig til baka. En Nakkur gerði það. (Nakkur merkir víst hnakkur).¹⁰

Jakob á Biskupsstöð

Kunnur bátasmiður í Færeyjum, Jakob á Biskupsstöð, smíðaði stýrishúsið á Nakk upp úr 1920. Jakob vann í mörg ár á Íslandi, m.a. á Norðfirði, og smíðaði hér fjölda opinna fiskibáta.¹¹



Nakkur SU 380 í Síldarsjóhúsinu, stýrishúsið. Siglingatækin vantar. Ljósm. HMS 2018

22. Ástand báts: Sæmilegt.

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Um eða upp úr 1920 var smíðað á hann stýrishús og settur þar stýrisbúnaður svo að hægt væri að stýra bátinum úr stýrishúsinu.

1930 er hann ubbyggður, eins og það er orðað, og var þá sett í hann 12 ha. Bolinder vél.

Árið 1950 (?) var afturhluti hans endurgerður og sett á hann svokallað rúnnað hekk eins og byrjað var að setja á mörg skip á Íslandi upp úr 1930 (1913?).

Nær engar breytingar voru gerðar á Nakki á árunum 1930-1950. Einhverjar breytingar voru gerðar 1950-1990, m.a. í tengslum við breytta veiðitækni, en þær hafa ekki verið skráðar. Safnið breytti honum á 10. áratugnum í það horf sem hann hafði verið um 1950.¹²

24. Viðhald og viðgerðir:

¹⁰ Geir Hólm viðtal 2018

¹¹ Jón Allansson s. 40

¹² Jón Allansson s. 40-41

Standsetningu á vegum Sjóminjasafnsins var að mestu lokið 2002. Hann þurfti þó reglulegt viðhald meðan hann var hafður úti. Breitt var yfir hann yfir vetrartímann lengst af.¹³

25. Heimildir:

- Geir Hólm: „Bátar í eigu og vörslu Sjóminjasafns Austurlands.“ Eskifirði. 22.1. 2002. Handrit hjá Sjóminjasafni Austurlands.
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en minjasafna. Rvk. haust 1995.
- Íslenskt sjómannaalmanak 1977, Rvk. 1976
- Íslenskt sjómannaalmanak 1984, Rvk. 1983
- Viðtal við Geir Hólm, 18.7. 2018

26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Nakkur á sér langa og merka sögu. Hann er annar elsti bátur sem varðveist hefur á Austurlandi, á eftir Hrólfi Gautrekssyni, og þar með annar elsti fiskibáturinn og vélbáturinn. Hann er innfluttur eins og algengt var með austfirski báta. Hann á sér sögu á Íslandi frá árinu 1929. Saga hans er að mestu skráð.



Nakkur SU 380 í Síldarsjóhúsinu, byrðingurinn. Ljós. HMS 2018



Nakkur SU 380 í Síldarsjóhúsinu, stýri og skrófa. Ljós. HMS 2018

¹³ Geir Hólm 2002



Kópur í geymslu á Reyðarfirði, 2018. Ljósmynd. Pétur Sörensson.

Kópur ¹⁴

1. **Skipaskrárnúmer:** Fór sennilega aldrei á skipaskrá.
2. **Tegund:** Opinn vélbátur, trilla
3. **Hlutverk:** Fiskibátur
4. **Eigandi:** Sjóminjasafn Austurlands, Eskifirði (frá 1992)
5. **Fyrri eigandi:**
 - 1950: Thor Klausen á Eskifirði sem að lokum gaf safninu bátinn
6. **Varðveislustaður:** Braggi á Reyðarfirði
7. **Smíðaár:** um 1950 ¹⁵
8. **Smíður:** Bátastöð Einars Sigurðssonar.
Einar Sigurðsson er talinn hafa smíðað fleiri báta en nokkur annar á Austurlandi.
9. **Smíðastaður:** Fáskrúðsfjörður

¹⁴ Meginheimildin um Kóp er skýrsla Geirs Hólm frá 2002.

¹⁵ Skv. Jóni Björnssyni er báturinn smíðaður um 1956 (bls. 49).

10. Brúttórúmlestir: 2 ¹⁶

11. Lengd, breidd og dýpt í m: **mæla**

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Fura og eik; súðbyrðingur



Kópur í geymslu á Reyðarfirði, 2018. Horft ofan í hann og skuturinn. Ljós. Pétur Sörensson.

13. Skrokklag:

Hann var með öllum þeim einkennum sem fylgdu bátum Einars: Nánast lóðrétt stefni, mikill

¹⁶ Skv. Jóni Björnssyni er hann 1,5 brl.

niðurskurður og afturskurður, mikið lotaður.¹⁷ Afturstefni nær niður aftan við skrófu og tengist kjölum með mjúkum boga, sem auðveldaði sjósetningu bátanna í grýttum fjörum og varði skrófuna fyrir hnjaski.¹⁸

14. Þilför:

15. Yfirbygging: Stýrishús.

16. Lokuð rými: Vélarhús

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél: Sabb, 8 hö

19. Siglingatæki og annar búnaður:



*Eigandi Kóps, Thor Klausen, Eskifirði (1919-2004).*¹⁹

20. Notkunarsaga:

Eigandi bátsins, Thor Klausen, var mikill veiðimaður og notaði mest Kóp til þess. Hann stundaði bæði handfæraveiðar og netaveiðar, fékk síld og þorsk. Einnig veiddi hann með byssu sinni, sel og hnísu og sjófugl á vetrum og var þá á litlum róðrabát. Síðari árin stundaði hann kolaveiðar í net á Kóp.²⁰

Seinni árin mun Thor hafa dregið úr veiðimennskunni. Kópur fékk þó góða meðferð áfram, var inni í húsi í um 20 ár, 1972-1992.²¹

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Randulffs-sjóhús

¹⁷ Fá skýringar hjá Geir á hvað niðurskurður merkir og afturskurður.

¹⁸ Geir Hólm 2002

¹⁹ Myndin birtist í Morgunblaðinu með grein sem hafði fyrirsögnina Lést í bílslysi 8. nóv. 2004.

²⁰ Saga Randulffs-sjóhúss í stuttu máli. visiteskifjorderur.is 20.12. 2017

²¹ Geir Hólm 2002

Það er eitt af elstu og sögulegustu húsum Eskifjarðar. Það var byggt um 1890 af norskum útgerðarmanni, Peter Randulff, og var lengst af notað sem síldarsjóhús.

Faðir Thors Klausen, Friðrik, eignaðst Randulffs-sjóhús árið 1911 ásamt bróður sínum. Thor Klausen erfði Randulffs-sjóhúss ásamt fleiri afkomendum á árunum 1955-1960 og var það í umsjá hans um langt skeið. Sjóminjasafnið hefur nú eignast húsið og hefur það tengst starfi safnsins síðan.²²



Randulffs-sjóhús er fyrir miðri mynd. Fyrir framan er bryggja með vippu. Ljósmynd af visiteskifjordur.is

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Geir Hólm: „Bátar í eigu og vörslu Sjóminjasafns Austurlands.“ Eskifirði. 22.1. 2002. Handrit hjá Sjóminjasafni Austurlands.
- Jón Björnsson: Íslensk skip. Bátar 4. Rvk. 1999
- Morgunblaðið 8. nóv. 2004
- „Saga Randulffs-sjóhúss í stuttu máli.“ visiteskifjordur.is 21.12. 2017

26. Varðveislustaða: Safngripur; á mörkum þess að vera aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Kópur er einn af fáum bátum varðveittum sem Einar Sigurðsson smíðaði. Hann var notaður á hefðbundinn hátt til veiða á þeim afla sem gafst. Hann er trilla og þær eru ekki margar sem varðveist hafa.

²² Saga Randulffs-sjóhúss í stuttu máli. visiteskifjordur.is 20.12. 2017



Árabátur árgangur 1915-1916. Ljósmynd. HMS 2018

Árabátur norskur, árg. 1915-16

1. Safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur, tveggja manna far

3. Hlutverk: Veiðibátur

4. Eigandi: Sjóminjasafn Austurlands, Eskifirði (frá 1979)

5. Fyrri eigendur:

- 1916: Karl Jónasson frá Eskifirði (fyrsti eigandi) ²³
- 1956-1979: Afkomendur Karls, sem gáfu safninu bátinn

6. Varðveislustaður: Á sýningu í Gömlubúð, sýningarhúsi sjóminjasafnsins, sm. 1816

7. Smíðaár: 1915-16

8. Smiður:

9. Smíðastaður: Arendal í Noregi ²⁴

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 5,61 x 1,56 x 0,55 ²⁵

12. Smíðaefni og samsetning skrokks: Fura; súðbyrtur

13. Skrokklag:

14. Þilför:

²³ Geir Hólm 2002

²⁴ Geir Hólm 2002, Jón Allansson 1995

²⁵ Mældur 18.7. 2018, ytri mál

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður: Honum fylgja sigla, segl og árar

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

Með honum eru flest þau veiðarfæri og tól sem eigandinn notaði, m.a. handfæri og hnísuskutull.



Búnaður í árabátum, mastur og segl, árar, net, byssa. Ljósmynd. HMS 2018

20. Notkunarsaga:

Eigandi bátsins, Karl Jónasson, er sennilega sá sem er titlaður útgerðarmaður á Eskifirði, fæddur 14.4. 1886, dáiðinn 5.12.1956.²⁶ Hann hefur þá notað bátinn á fyrri hluta 20. aldar. Farið var á honum til ýmissa veiða, svo sem á fiski, fugli, hnísu og sel.²⁷

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátum:

Um Karl Jónasson:

Karl Jónasson frá Svínaskála f. 14.4.1886 d. 1.12.1956
gerði út vélbátinn Víking hér á Eskifirði, eignaðist árabátinn árið 1916 og notaði hann í frístundum, til þess að veiða bæði þorsk og síld. Einnig veiddi hann bæði sjófugl, sel og hnísu, með byssu sinni, sem er einnig hér í bátinum. Karl var orðlagður fyrir snyrtimennsku og má glögglega sjá það á bátinum að hann hefur hlotið góða meðferð.

Myndin er af kynningarspjaldi í bátinum. Eins og sjá má er það vélritað, þ.e. frá tíma rafmagnsritvéla, enda hefur sýningunni í Gömlubúð sennilega ekki verið breytt mikið í 30 ár.

²⁶ gardur.is

²⁷ Geir Hólm 2002



Karl Jónasson. Ljós. Sjóminjasafn Austurlands

Svínaskáli

Svínaskáli mun hafa verið annað af tveimur höfðubólum við Eskifjörð, hitt var Eskifjörður. Svína skáli var út með firði, fyrir utan Mjóeyri. Eskifjörður var inni í dal. Sveitarstjórn Eskifjarðar keypti land af báðum býlum. Ytri hluti þéttbýlis Eskifjarðar stendur á landi sem áður tilheyrði Svínaskála.²⁸

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga: Sennilega óbreyttur

24. Viðhald og viðgerðir: Hann var alltaf meðhöndlaður með hrátjöru.

25. Heimildir:

- Geir Hólm: „Bátar í eigu og vörslu Sjóminjasafns Austurlands.“ Eskifirði. 22.1. 2002. Handrit hjá Sjóminjasafni Austurlands.
- Jón Allansson: Skýrsla Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en minjasafna. Rvk. 1995, bls. 42
- Upplýsingaspjöld á sýningunni í Gömlubúð 18.7. 2018
- gardur.is

26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Báturinn er með elstu bátum Austfirðinga, elsti árabáturinn, og notaður til fjölbreyttra veiða.

²⁸ Skv. starfsmanni safnsins 18.7. 2018



Árabátur árgangur 1915-1916, skutur. Ljós. HMS 2018



Árabátur árgangur 1915-1916, barki. Ljós. HMS 2018



Árabátur norskur, árg. 1957. Ljós. HMS 2018.

Árabátur norskur, árg. 1957

1. Safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur, tveggja manna far (?)

3. Hlutverk: Veiðibátur

4. Eigandi: Sjóminjasafn Austurlands, Eskifirði

5. Fyrri eigandi:

- 1957: Thor Klausen

6. Varðveislustaður: Síldarsjóhúsið, Eskifirði ath.

7. Smíðaár: fyrir 1957

8. Smiður:

9. Smíðastaður: Noregur

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 4,93 x 1,55 x 0,74 ²⁹

²⁹ Mældur 2018. Ytri mál.

12. Smíðaefni og samsetning skrokks: Viður; súðbyrtur

13. Skrokklag:

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður: Hann var sennilega aldrei með segl.

18. Vél: Hann var aldrei með vél.

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Thor Klausen fékk bátinn árið 1957 frá Noregi. Hann var kappsamur veiðimaður og veiddi bæði á færi og í net. Einnig veiddi hann með byssu, sel og hnísu og sjófugl á vetrum, og notaði til þess þennan litla róðrabát. Síðari árin stundaði hann kolaveiðar í net á litlum trillubát. Thor gaf Sjóminjasafninu báða þessa báta.³⁰

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Sjá kafla um Kóp hér að framan.



Árabátur norskur, árg. 1957, skuturinn. Ljós. HMS 2018.

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

Hann er allur bikaður með koltjöru, utan og innan, nema borðstokkar sem eru grænir.

25. Heimild:

- Geir Hólm: „Bátar í eigu og vörslu Sjóminjasafns Austurlands.“ Eskifirði, 22.1. 2002. Handrit hjá Sjóminjasafni Austurlands.
- Saga Randulffs-sjóhúss í stuttu máli. visiteskifjordur.is 20.12. 2017

³⁰ Saga Randulffs-sjóhúss í stuttu máli. visiteskifjordur.is 20.12. 2017

26. Varðveislustaða: Safngripur

27. Almenn umsögn:

Báturinn er í góðu standi. Saga hans er dæmigerð fyrir sjálfsbjargarviðleitni heimamanna.



Árabátur norskur, árg. 1957, barki. Ljós. HMS 2018.



Thor Clausen á bryggjunni á Eskifirði með hnísu. Hann fór mikið á bátnum til hnísuveiða. Hann notaði jafnvel net til veiðanna en aðallega þó byssu. Eitt skiptið á hann að hafa komið með 16 hnísur í eftirdragi. ³¹

³¹ Myndin er frá Sjóminjasafni Austurlands. Upplýsingarnar um veiðar Thors fengust frá umsjónarmanni Randulffs-sjóhúss, Berglindi.



Svanur SU 513 fyrir neðan bæinn Stóru Breiðuvík, Reyðarfirði. Ljós. Jón Allansson 1995.

Svanur SU 513

- 1. Skipaskrárnúmer:** 5660
- 2. Tegund:** Opinn vélbátur, trilla
- 3. Hlutverk:** Fiskibátur; flutningabátur
- 4. Eigandi:** Sjóminjasafn Austurlands, Eskifirði
- 5. Fyrri eigendur:**
 - 1931: Eyjólfur Sigfússon bóndi í Stóru-Breiðuvíkurhjáleigu við Reyðafjörð
 - 1971: Sigfús H. Andrússon, bóndi í Stóru-Breiðuvíkurhjáleigu.
- 6. Varðveislustaður:** Í skemmu á Reyðarfirði ³²
- 7. Smíðaár:** 1931
- 8. Smiður:** Auðbergur Benediktsson, trésmiður á Eskifirði (1884-1961). Aðstoðamaður var Eyjólfur Sigfússon, fyrsti eigandi bátsins.
- 9. Smíðastaður:** Eskifjörður
- 10. Brúttórúmlestir:** 2,27
- 11. Lengd, breidd og dýpt í m:** 7,75 x 2,3 x 0,75 ³³
- 12. Smíðaeefni og samsetning skrokk:** Eik og fura; súðbyrtur

³² Sigfús Andrússon viðtal 2017

³³ Skrá yfir íslensk skip og báta 2000 s. 318. Skv. Geir Hólm 2002 er hann um 3,5 tonn.



Svanur SU 513 árið 2018 í geymslu á Reyðarfirði. Ljós. Pétur Sörensson.

13. Skrokklag: Norskt bátag. ³⁴ Skv. einni heimild er hann svokallaður Lófótungur en hann líkist þó ekki mikið Nirði TH 246 sem varðveittur er á Húsavík.

14. Þilför:

³⁴ Geir Hólm 2002.

15. Yfirbygging: Stýrishús er sett á hann upp úr 1980.³⁵

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður: já

18. Vél:

- Wichmann 2 hö

- Albin 8 hö

- 1971: Yanmar 22 hö ³⁶

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Á Stóru Breiðavíkurhjáleigu var tvíbýli og bjuggu tveir bræður, Eyjólfur og Andrés, hvor á sínum parti. Sigfúsar. Eyjólfur var skráður fyrir bátnum en meðlimir beggja jarðanna fóru í róðra. Aflinn var saltaður og seldur og einnig var hans neytt heima við. Það var mikið borðað af fiski á heimilunum. Lifað var á landi og sjó. Einnig gagnaðist báturinn vel til aðdrátta á vörum frá Eskifirði.

Báturinn var sennilega oft á síld, m.a. árið 1966 þegar hann var kominn með tæp 500 tonn í september. Og á handfærum var hann líklega flest ár, t.d. árið 1971.³⁷ Árið 2002 var enn róð á honum.

Eigandi bátsins nr. tvö var bróðursonur Eyjólf, Sigfús H. Andrésson, 1971. Hann var þá búinn að taka við búi föður síns. Hann þurfti að gera heilmikið fyrir bátinn til að hann yrði haffær á ný, endurbyggja hann eins og það er orðað í heimildum. Engin bryggja eða hafnaraðstaða var heldur við Stóru Breiðavíkurhjáleigu. Trillan hafði verið dregin á land þegar hún var ekki í notkun. Sigfús fékk menn á Eskifirði til að gera höfn fyrir sig, grafa út úr malarkambinum við bæinn.

Þegar Sigfús hætti að fara í róðra á bátnum vildi hann ekki að hann skemmdist aftur og gaf hann á Sjóminjasafnið. Hann mun vera í skúr á Reyðarfirði þar sem til stendur að mála hann.³⁸

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Stóra-Breiðavíkurhjáleiga

Þar var verstöð, m.a. fyrir norska síldarsjómenn á árunum 1880-1900. Í fornleifaskrá frá 2004 er getið um síldarhús, fiskbyrgi, hjall og naust. Norðmenn gerðu út nokkra báta frá staðnum á tímabili í lok aldarinnar.³⁹

22. Ástand báts: sæmilegt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Svanur var endurbyggður árið 1971. Upp úr 1980 var honum enn breytt og þá sett á hann stýrishús. Nú, 2018, er stýrishúsið farið aftur.

³⁵ Jón Allansson 1995

³⁶ Jón Björnsson s. 68; Skrá yfir íslensk skip og báta 2000 s. 318

³⁷ Sbr. Tímann 15.9. 1966 um báta á síldveiðum og Ægi 15.11. 1971 um báta á handfæraveiðum.

³⁸ Sigfús Andrésson, viðtal

³⁹ Guðný Zoega og Ragnheiður Traustadóttir: Fornleifaskráning vegna aðalskipulags í Fjarðabyggð. Skagafj. 2004; Samkvæmt Geir Hólm, viðtal 2015

24. Viðhald og viðgerðir:

Árið 1971 var hann endurbyggður á Eskifirði,⁴⁰ líklega á vegum Sigfúsar Andréssonar. Báturinn hafði þá legið um hríð ónotaður í fjörunni, var að fúna niður.

25. Heimildir:

- Geir Hólm: „Bátar í eigu og vörslu Sjóminjasafns Austurlands.“ Eskifirði. 22.1. 2002. Handrit hjá Sjóminjasafni Austurlands.
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en minjasafna. Rvk. haust 1995.
- Skrá yfir íslensk skip og báta 2000. Siglingstofnun, Kópavogi 2000.
- Skipaskrá. Mbl.is 17.12. 2017
- Jón Björnsson: Íslensk skip. Bátar 4. Rvk. 1999, s. 68.
- Viðtal við Sigfús Andrésson, Stóru Breiðavíkurhjáleigu. Dags. 28.2. 2017. Ismus.is Arngrímsgötu 3, 107, Rvk.
- Tíminn 15.9. 1966 um báta á síldveiðum
- Ægir 15.11. 1971 um báta á handfæraveiðum
- Guðný Zoega og Ragnheiður Traustadóttir: Fornleifaskráning vegna aðalskipulags í Fjarðabyggð. Skagafj. 2004 (v. Stóru-Breiðavíkurhjáleigu)
- Geir Hólm, viðtal 2015. vimeo.com/123346857 (v. Stóru-Breiðavíkurhjáleigu)

26. Varðveislustaða: Safngripur, aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Báturinn er gott dæmi um hvernig menn framfleyttu sér og sínum, lifðu á bæði landi og sjó, með þeim ráðum sem þeim buðust.

⁴⁰ Geir Hólm 2002



Hrólfur Gautreksson SU 299 / NK 2 árið 2013. Ljós. [Bjarni Guðmundsson](#)

Hrólfur Gautreksson SU 299

1. Skipaskrárnúmer: 583

2. Tegund: Vélbátur

3. Hlutverk: Fiskibátur

4. Eigandi: Fjarðabyggð. Engu var þó þinglýst, báturinn afhentur Minjasafnsnefnd Norðfjarðar, sem þá starfaði.

5. Fyrri umdæmisnúmer og eigendur:

Báturinn hét alltaf Hrólfur Gautreksson, jafnan kallaður Gauti.

- 1906: Stefán Stefánsson, Vilhjálmur Stefánsson í Hátúni og Hinrik Þorsteinsson, allir frá Norðfirði ⁴¹
- 1924: Gísli Kristjánsson útgerðarmaður á Norðfirði
- 1931: SU 72; Eðvald Jónsson á Höfðabrekku í Mjóafirði
- 1935: NK 2; Ársæll og Þorsteinn Júlíussynir, útgerðarmenn á Neskaupstað
- 1939-1965: Björn Ingvarsson á Ekru í Neskaupstað

⁴¹ Þórhallur Sófusson

- 1965: Báturinn er dæmdur ónýtur ⁴²

6. Varðveislustaður: Í skemmu við hlið safnahússins í Neskaupstað.



Hrólfur Gautreksson SU 299, í geymslu 2018. Ljós. HMS

7. Smíðaár: 1906

8. Skipasmíðastöð: Brødrene Andersen Baadebyggeri og Savskæreri

9. Smíðastaður: Fredrikssund í Danmörku

10. Brúttórúmlestir: 6,36

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 9,77 x 2,98 x 1,53 ⁴³

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Eik og fura; súðbyrðingur

13. Skrokklag: Með lóðstefni að framan.

14. Þilför:

15. Yfirbygging: Stýrishús (afturbyggður)

16. Lokuð rými: Lúkar, lest og vélarrúm.

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

- 1906: Dan vél 6 hö ⁴⁴

- 1946: Kelvin vél 22 hö

19. Siglingatæki og annar búnaður:

⁴² Þórhallur Sófusson

⁴³ Mældur 18.7. 2018. Utanmál.

⁴⁴ Þetta er samkvæmt Þórhalli Sófussyni. Samkvæmt Jóni Björnssyni var fyrsta vélin Wichmann vél 10 hö



Hrólfur Gautreksson SU 299, oftast nefndur Gauti, og Austfjarðapokan. Myndin er tekin á Norðfirði árið 1946. Ljósma.: Björn Björnsson

20. Notkunarsaga:

Hrólfur Gautreksson eða Gauti eins og hann var jafnan kallaður, var smíðaður 1906. Fyrstu eigendur voru Stefán Stefánsson, Vilhjálmur Stefánsson í Hátúni og Hinrik Þorsteinsson, allir frá Norðfirði. Þeir áttu bátinn frá júnímánuði 1906. Hann var seldur Gísli Kristjánssyni útgerðarmanni á Norðfirði árið 1924. Gísli endurbyggir bátinn sama ár og var því verki lokið árið eftir. Frá september 1931 er eigandi hans Eðvald Jónsson á Höfðabrekku í Mjóafirði, sama nafn en SU 72. Bræðurnir Ársæll og Þorsteinn Júlíussynir, útgerðarmenn í Neskaupstað, eignast hann árið 1935, heitir þá Hrólfur Gautreksson NK 2. Björn Ingvarsson á Ekru í Neskaupstað eignast bátinn árið 1939. Björn átti svo bátinn í ein 25 ár eða þar til hann var dæmdur ónýtur, árið 1965.⁴⁵

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátinum:

Hrólfs saga Gautrekssonar

Nafnið Hrólfur Gautreksson kemur frá Fornaldarsögum Norðurlanda en þær eru sögur, sem ólíkt Íslendingasögum, gerast í nágrannalöndunum fyrir landnám Íslands. Ein fornaldarsagan heitir Hrólfs saga Gautrekssonar.

22. Ástand báts: Sæmilegt / slæmt

⁴⁵ Þórhallur Sófusson m.a.

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Sett var á hann lóðstefni, sennilega 1924.⁴⁶

24. Viðhald og viðgerðir:

Báturinn virðist hafa verið vel smíðaður og vel staðið að viðhaldi á honum því að hann var gerður út í tæpa sex áratugi. Á árunum 1924-25 fór fram fyrsta allsherjar viðgerðin. Þá endurbyggði Gísli Kristjánsson, útgerðarmaður á Norðfirði, bátinn. Í endurbyggingunni hefur sennilega falist að skipt hafi verið um léleg borð í byrðingi og að negla bátinn upp. Einnig er talið að stefni bátsins hafi verið breytt, sett á hann lóðstefni (beint og nokkurn veginn lóðrétt).⁴⁷

Eftir að bátnum var lagt, 1965, var lítið gert fyrir hann til að byrja með. En síðan kom að því að hann var gerður upp af bænum, 1988-1990, og smíðað á hann nýtt stýrishús. Því mun ekki hafa verið fylgt nægilega vel eftir, hann var ekki málaður reglulega næstu árin, mun hafa verið málaður alls þrisvar, síðast af nemendum vinnuskólans árið 2017. Og sjaldan eða aldrei var breitt yfir hann yfir veturinn.⁴⁸

Árið 2017 var báturinn aftur orðinn svo fúinn að ekki þótti óhætt að hafa hann lengur úti. Einhverjar raddir heyrðust þá um að það ætti að henda honum. Að mati Guðmundar Sveinssonar, afgreiðslumanns og bátaáhugamanns, var það fráleitt, báturinn hafi komið ári eftir að vélbátaöld hófst í Neskaupstað (fyrsti báturinn hét Fram, 1905). En honum kom á óvart hve fljótt báturinn fúnaði, hann veltir fyrir sér m.a. hvort hann hafi verið gerður of þéttur, það hafi ekki loftað nægilega um hann.

Jens, bátasmiður á Fáskrúðsfirði, einn fátta trébátasmiða sem eftir eru á fjörðunum, skoðaði bátinn og komst svo að orði að hann væri ekki eins slæmur og hann virtist.⁴⁹ Ljóst er þó eftir stutta skoðun undirritaðs að bátinn má ekki setja út hér eftir. Hins vegar ef hann er hafður inni þá dugir að skrapa hann og mála og gera við dekkið í fyrstu umferð. Og setja aftur saman stýrishúsið sem sagað var í sundur til að koma bátnum inn þar sem hann er núna.

25. Heimildir:

- Jón Björnsson: Íslensk skip IV. Rvk. 1990 s. 37
- Guðmundur Sveinsson, viðtal 15.7. 2018
- Geir Hólm, viðtal 18.7. 2018
- Þórhallur Sófusson Gjöveraa 583. Hrólfur Gautreksson SU 299.
thsof.123.is/blog/2016/02/23/744834/

Guðmundur Sveinsson hefur lengi safnað saman heimildum um austfirska báta.⁵⁰

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður. Safngripur.

27. Almenn umsögn:

⁴⁶ Guðmundur Sveinsson, viðtal

⁴⁷ Guðmundur Sveinsson, viðtal

⁴⁸ Geir Hólm viðtal

⁴⁹ Guðmundur Sveinsson viðtal 15.7. 2018

⁵⁰ Guðmundur Sveinsson viðtal 15.7. 2018

Þetta er líklega merkilegasti bátur Austfjarða. Hann er meðal elstu vélbáta landsins og í viðráðanlegu standi.



Hrólfur Gautreksson NK 2 í víkinni í miðbæ Neskaupstaðar áður en hann var settur inn í hús, 2017. Ljós. Brimbarinn



Hrólfur Gautreksson NK 2 í fjörunni fyrir neðan og innan Ekru í Neskaupstað. Þar lá báturinn í ein 20 ár áður en hann var gerður upp, 1988-90. Ljós.: Guðmundur Sveinsson.



Hrólfur Gautreksson SU 299, miðskips. Ljós. HMS 2018



Hrólfur Gautreksson SU 299, vélarreisin nær, stýrishúsið sundursagað fjær. Ljós. HMS 2018




Hrólfur Gautreksson SU 299, vélin. Ljós. HMS 2018



Hrólfur Gautreksson SU 299, stefnið. Ljós. HMS 2018



Hrólfur Gautreksson SU 299, stýrið og skrufan. Ljós. HMS 2018



Hrólfur Gautreksson SU 299, byrðingurinn. Ljósmynd. HMS 2018



Rex NS 3 á Fáskrúðsfirði nýlega uppgerður. Hann er tákn bæjarins eins og Eiffelturninn er tákn Parísar, skv. aust.is. Ljós: HMS 2018

Rex NS 3

1. Skipaskrárnúmer: 955

2. Tegund: Þilfarsbátur; vélbátur

3. Hlutverk: Fiskibátur

4. Eigandi: Fjarðabyggð. **ath**

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:

- 1963: Litlanes PH 52, Vilhjálmur Sigtryggsson, Þórshöfn sem átti hann í sex ár.
- 1969: Óli Þorsteinsson, Þórshöfn, og Eymundur Kristjánsson, Húsavík
- 1972: Þórsnes SI 52, Siglufirði. Stefán Þór Haraldsson, Ólafur Þór Haraldsson og Sigurður Þór Haraldsson.
- 1977: Óli Bjarna KE 37, Keflavík. Pétur Jóhannsson og Valdimar Axelsson
- 1977: Mónes NK 26, Neskaupstað. Sævar Örn Jónsson
- 1981: Hulda GK 114, Sandgerði. Kristinn Guðmundsson
- 1983: Rex NS 3 Seyðisfirði. Árni Jón Sigurðsson
- 1994: Tekinn úr rekstri og af skipaskrá ⁵¹

6. Varðveislustaður: Á lítilli tjörn innarlega í bænum, Fáskrúðsfirði

⁵¹ Jón Björnsson s. 174

7. Smíðaár: 1963

8. Smíðja og yfirsmiður: Oddaverkstæðið; Einar Sigurðsson bátasmiður

9. Smíðastaður: Fáskrúðsfjörður

10. Brúttórúmlestir: 6



Rex NS 3, á Fáskrúðsfirði, skuturinn, 2018. Ljósmynd: HMS

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 8,7 x 2,81 x 1,05 ⁵²

12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Eik og fura; súðbyrðingur

13. Skrokklag:

14. Þilför: Alþilja

15. Yfirbygging: Stýrishús (afturbyggður), lúkarskappi

16. Lokuð rými: Lúkar, lest, vélarrúm

17. Möstur og seglabúnaður: Frammastur úr stáli

18. Vél:

- 1963: Bukh 24 hö

- 1968: Perkins 62 hö

- 1986: Perkins 120 hö ⁵³

19. Siglingatæki og annar búnaður: ath

20. Notkunarsaga:

Upphaflega hét báturinn Litlanes ÞH 52, smíðaður fyrir Vilhjálm Sigtryggsson, Þórshöfn, sem átti hann í sex ár. Næsta áratuginn var hann gerður út frá ýmsum stöðum, m.a. Siglufirði, Keflavík, Neskaupstað og Sandgerði.

⁵² Íslenskt sjómannaalmanak 1967 s. 408-9

⁵³ Jón Björnsson s. 174



Rex NS 3 á siglingu, 2002. Ljós. Haukur Snorrason

Frá árinu 1983 hét hann Rex NS 3, Seyðisfirði, og það nafn bar báturinn 2. desember 1994, þegar hann var tekinn úr rekstri og felldur af skipaskrá. Hlutverki bátsins var ekki lokið við það. Hann var fluttur til Fáskrúðsfjarðar og komið þar fyrir á landi til minningar um skipasmíðar Einars Sigurðssonar og fyrirtækja hans, Trésmiðju Austurlands og Oddaverkstæðisins.

Eftir úreldingu, fékk Albert Kemp, sem þá var oddviti Búðahrepps í Fáskrúðsfirði, leyfi til að varðveita Rex á staðnum. Notaði Albert sumarfrí sitt til að slípa niður skrokkinn og undirbúa fyrir málningu. Síðan tóku starfsmenn áhaldahúss Búðahrepps við og luku verkinu og hafa haldið honum við.

„Það er áhugi fyrir þessu hér enda er báturinn bæjarprýði,” sagði Albert Kemp í viðtali við Morgunblaðið árið 2006. Rex hefur einnig gildi fyrir Fáskrúðsfjörð vegna þess að hann var einn af síðustu bátunum sem Einar Sigurðsson smíðaði. Ferðamenn sem leið eiga um fjörðinn nema gjarnan staðar við bátinn, sem er varðveittur á lítilli tjörn innanlega í þorpinu, fallegur og vel við haldið.⁵⁴

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Einar Sigurðsson bátasmiður

Einar Sigurðsson, sem smíðaði bátinn, er talinn hafa smíðað fleiri báta á Austurlandi en nokkur annar. Sjá nánar um hann í viðauka.

⁵⁴ aust.is 8. maí 2014. Heimildir aust.is eru MBL.is og samantekt Árna Björns Árnasonar um austfirska skipasmiði.



Rex NS 3, stýridhúsið og millidekkið. Ljós. HMS 2018



Rex NS 3, stýrishúsið, 2018. Ljós. HMS

22. Ástand báts: Sæmilegt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Sennilega var honum lítið breytt meðan hann var í notkun.

24. Viðhald og viðgerðir:

Albert Kemp og starfsmenn áhaldahúss staðarins slípuðu hann niður og máluðu. Lokið var við standsetningu hans árið 2014, tveimur áratugum eftir að honum var lagt. Á þeim fjórum árum sem liðið hafa síðan er farð að sjá talsvert á honum, sérstaklega dekkinu, sem sýnir hve erfitt er að geyma trébat úti.

25. Heimildir:

- Íslenskt sjómannaalmanak 1967, Rvk. 1966, s. 408-9
- aust.is: Bæjartákn Fáskrúðsfjarðar. 8. maí 2014
- Þórhallur Guttormsson: Öld frá fæðingu athafnamanns. Mbl. 5. júlí 1997. Lesbók.
- Jón Björnsson: Íslensk skip 4. Rvk. 1990, s. 37

26. Varðveislustaða: Ekki friðaður



Rex NS 3, byrðingurinn, 2018. Ljós: HMS

27. Almenn umsögn

Rex NS 3 er tákn Fáskrúðsfjarðar eins og Frelsisstytta er tákn New York og Effeltturninn er tákn Parísar skv. héraðsfréttablaðinu aust.is. Það er nokkuð ofsögum sagt en væri vel við hæfi, þar sem bátar og skipasmíðar eru samþættar bæjarfélaginu á staðnum með afgerandi hætti. Báturinn er einn af síðustu bátunum sem Einar Sigurðsson skipasmiður á Fáskrúðsfirði smíðaði.



Rex NS 3, lúkarinn, árið 2018. Ljós: HMS



Rex NS 3, á Fáskrúðsfirði, fúi á dekki, 2018. Ljós: HMS



Rex fer vel í landslaginu á Fáskrúðsfirði. Verst er að hann þolir illa að vera úti. Ljós: HMS 2018



Minnismerki um Einar Sigurðsson bátasmið, skammt frá Rex NS 3. Ljósm. HMS 2018

Einar Sigurðsson bátasmiður og Oddaverkstæðið

Að mestu tekið beint upp úr grein Þórhalls Guttormssonar frá 1997

Einar Sigurðsson fæddist árið 1897 á Djúpavogi en fluttist snemma til Fáskrúðsfjarðar með foreldrum sínum. Um tvítugt hélt hann til Reykjavíkur og varð þar meistari í húsasmíði. Þá hélt hann til náms og starfa í Noregi. Seinna lærði hann skipateikningar í Reykjavík og hlaut meistararéttindi í skipasmíði.

„Árið 1921 settist Einar að á Fáskrúðsfirði og hófst handa við iðngrein sína. Stofnaði hann trésmíðafyrirtæki ásamt Benedikt Sveinssyni húsasmið. Hlaut það nafnið Trésmíðaverksmiðja Austurlands. Samstarf þeirra Benedikts varð skammætt og að því loknu starfrækti Einar fyrirtækið einn síns liðs. Það var í sjóhúsi föður hans og síðar, þegar umsvifin jukust, fjölgaði húsunum, byggð voru bátaskýli og hús undir vélsmiði og verslun. Verkstæðishúsin voru innst í Búðarþorpi skammt fyrir utan Odda, íbúðarhús Einars sem hann hafði reist sjálfur. Verkstæðið var jafnan kennt við Odda og nefnt Oddaverkstæðið. Ekki þýddi að hefja trésmíðar áhaldalaus. Sá Einar í blaði að danskt fyrirtæki auglýsti trésmíðavélar svo að hann brá undir sig betri fætinum, hélt til Danmerkur og samdi við fyrirtækið um kaup á vélum. Komu þær til Fáskrúðsfjarðar 1925. Þær helstu voru: stór bandsög, hjólsög og þykktarhefill, knúnar með olúmótor úr bát föður hans þangað til rafmagn leysti hann af hólmi. Þá þurfti og að kaupa handverkfæri, sem urðu mörg rafknúin í tímans rás.

Hjá Oddaverkstæðinu unnu að jafnaði ekki færri en tíu menn og oft miklu fleiri þegar stór verkefni biðu úrlausnar. Smíði árabáta var meðal þess fyrsta sem Einar tók sér fyrir hendur. Bátar og bátasmiðar urðu mestu áhugamál hans en ekki skal því gleymt að inn á milli sinnti hann ætíð af miklum dugnaði annarri smíði, húsasmíði og gerð hafnarmannvirkja. Reisti hann tugi húsa í heimabyggð og annars staðar, íbúðarhús, félagsheimili, sundlaugar, verksmiðjuhús, sláturhús og frystihús. Hafnarmannvirkni gerði hann á Fáskrúðsfirði, Seyðisfirði og Eskafirði.

Einar sinnti líka fjölmörgum viðhaldsverkefnum, gerði við og endurbætti báta og mannvirki í stórum stíl því að aldrei sat hann auðum höndum né lét verk undan dragast. Smátt og smátt varð Oddi og Oddaverkstæðið alhliða þjónustumiðstöð, opin gestum og gangandi þar sem allt var gert til að leysa úr vanda þeirra og allt búið til, frá barnavögnum, hjónarúmum og líkkistum til stórra báta. Til marks um það hvílíkur umsvifamaður Einar var má tilfæra sem dæmi að hann hafði samtímis undir eða í smíðum, auk bátasmíðinnar, hús á Búðum, prestshúsið á Kolfreyjustað, Franska spítalann, sem verið var að endurreisa í Hafnarnesi, og hús á Þorvaldsstöðum í Breiðdal sem reist var úr afgangsviði úr gamla spítalanum. Svo fljótur var Einar í förum að hann fór á alla þessa staði yfir land, fjörð og fjallaskörð ef svo bar undir til eftirlits á einum degi, en auðvitað höfðu umsjón með tilteknu verki menn sem hann treysti.

SVO AÐ aftur sé vikið að báta smíðinni sem Einar hafði sífellt meiri og meiri áhuga fyrir þá tók hann árið 1926 að smíða opinn vélbát sem hann ætlaði raunar sjálfum sér en seldi þó bóndanum á Urðarteigi við Berufjörð. Lauk hann því verki á mánuði eða svo. Gekk það svo greiðlega að það hvatti hann til frekari dáða í bátasmíði og næstu áratugi runnu út af Oddaverkstæðinu fjölmargar trillur og skektur. Sjálfum taldist Einari svo til að hann hefði smíðað um 100 opna vélbáta á starfsferli sínum og tugi árabáta. Þilfarsbátarnir urðu tuttugu. Í bátasmíði fór Einar Sigurðsson ekki troðnar slóðir, hún mótaðist einkum af hugmyndum hans sjálfs um það hvernig bátar ættu að vera til að hæfa og standast sjólag fyrir Austurlandi, þar sem straumkast er mikið og hnútar myndast. Krafan um vandvirkni sat alltaf í fyrirrúmi. Bátarnir voru léttir og ganggóðir enda settir upp daglega. Ekki þykir hér ástæða til að lýsa trillum Einars í smáatriðum en tekið skal fram að þær voru jafnan 22 fet á lengd og um 6 fet á breidd með um 20 þverböndum.

Nefna verður til sögunnar Peter Wigeland, færeyskan skipasmið sem vann að bátasmíði á Fáskrúðsfirði árin 1928 og 1929. Hann hafði lært iðngrein sína í Kaupmannahöfn og starfaði síðan í Danmörku, Færeyjum og Reykjavík þar sem hann vann við bryggjusmíði. Hann smíðaði líka nótabáta fyrir útgerðarfélagið Kveldúlf. Fyrir beiðni útgerðarmanns á Fáskrúðsfirði fór Wigeland þangað austur, smíðaði Kötlu, kantsettan bát og tvo aðra litla vélbáta og leiðbeindi Einari Sigurðssyni sem þá var nýliði í smíði kantsettra báta.

Kaflaskipti urðu í bátasmíði Einars Sigurðssonar síðara árið sem Wigeland var á Fáskrúðsfirði. Tveir þilfarsbátar voru þá smíðaðir á Oddaverkstæðinu, Þór og Björn. Einar lærði margt af Wigeland sem fylgdist vel með smíði bátanna og miðlaði Einari af reynslu sinni og þekkingu. Haft er eftir Einari að Wigeland hefði verið besti kennari sinn í bátasmíði. Á Reykjavíkurtíma sínum vann Einar hjá Wigeland í slippnum og þótti hann margra manna maki.

Að lokinni smíði tveggja fyrstu þilfarsbáta í smíðju Einars Sigurðssonar varð þess nokkur bið að slíkir bátar yrðu búnir til á Fáskrúðsfirði enda var heimskreppan tekin að segja til sín hér á landi. Ekki misstu menn þó móðinn því að árið 1934 var stofnað Samvinnufélag Búðahrepps sem gekkst fyrir útgerð og efldi annað atvinnulíf á staðnum. Í framhaldi af því var Einari í Odda falið að smíða á vegum félagsins þrjá 19 tonna báta. Voru þeir úr eik og furu að færeyskri fyrirmynd og teiknaði Wigeland þá þótt hann væri löngu fluttur til Norðfjarðar. Samvinnubátarnir, Alda, Bára og Hrönn, voru í smíðum frá því í septemberlok 1934 til útmánaða 1935. Þar hefur því rösklega verið staðið að verki og samkvæmt fyrirframgerðri áætlun. Unnið var að smíði þeirra allra samtímis og reist var af nauðsyn véla- og járnsmíðaverkstæði hjá Oddaverkstæðinu svo sem fyrr getur. Andrés, bróðir Einars, sá um niðursetningu véla og tækja, enda járnsmíðameistari. Bátasmíðin var orðin afar umfangsmikil og viðgerðir á bátum færðust mjög í

aukana. Í verksamningi Einars við Samvinnufélagið var það ákvæði að hann átti að borga dagsektir ef verkið drægist á langinn hjá honum en félagið var firrt allri ábyrgð þótt það stæði ekki við sitt um efnisöflun. Slík var staða verktaka í þá daga. Sagan segir að samvinnubátarnir hafi upphaflega átt að heita Gunnar, Njáll og Skarphéðinn. Þegar hin nöfnin urðu ofan á sagði gömul, framsýn kona í plássinu að fyrst breyta ætti nöfnunum hlekkist þeim öllum á. Eftir að bátarnir höfðu verið seldir fór Aldan upp í Grindavík og hafnaði í stórgrýti, Hrönn fór upp í kletta við Gvendarnes og Báran fékk á sig feiknabrot í Hornafjarðarósi. En allir komust á flot á ný. Það hefðu ekki allir bátar gert.

Eftir að samvinnubátunum var hleypt af stokkunum lá smíði þilfarsbáta á Fáskrúðsfirði að mestu leyti niðri til ársins 1944. Seint á því ári tók nýsköpunarstjórnin svokallaða sér fyrir hendur að endurnýja framleiðslutæki þjóðarinnar enda var úr mikilli fjárhagslind að ausa, stríðsgróðanum. Fiskiskipaflotinn skyldi stækkaður og nýbyggingaráð lagði til um smíði og staðsetningu nýrra framleiðslutækja, m.a. um fimmtíu báta sem íslenskum bátasmíðastöðvum var falið að smíða. Það kom í hlut Einars Sigurðssonar að smíða fjóra Landsmiðjubáta, nýsköpunar- eða ríkisbáta, eins og þeir voru ýmist nefndir. Hófst verkið í Oddaverksmiðjunni árið 1945 og átti að afhenda þá fullgerða á árunum 1946 og 1947. Þrjátíu og fimm manns unnu við smíði bátanna undir stjórn Einars og voru engin válynd veður látin hamla framkvæmdum. Allir þilfarsbátar Oddaverkstæðisins voru smíðaðir eða frá gengnir utandyra en einstaka hlutir í þá inni í húsunum. Þeir voru afhentir á tilsettum tíma, þrjátíu og níu tonn að stærð allir og þóttu vandaðir í hvívetna.

EFTIR þetta mikla verkefni tók mjög að sneiðast um bátasmíðar á Fáskrúðsfirði og hlé urðu ætíð á milli. Þau voru nýtt til viðhalds báta og annarra verkefna. Árið 1960 var á Oddaverkstæðinu smíðaður 13 tonna þilfarsbátur, Andey. Sá bátur var fyrsti frambyggði vélbáturinn á Austurlandi. Kostir frambyggðra báta eru t.d. þeir að dekkrymi er þá meira og áhöfnin er í skjóli þegar mikil bræla er. Síðasti þilfarsbáturinn, sem smíðaður var á Oddaverkstæðinu undir stjórn Einars, var Hafborg 1967.

Nú skal vikið nokkru nánar að því umhverfi sem Einar Sigurðsson hrærðist í. Allt fram til miðrar þessarar aldar var Fáskrúðsfjörður einangrað samfélag. Hann var ekki í þjóðbraut og ekki lögðu aðrir leið sína þangað landveg en þeir sem áttu erindi í fjörðinn Ruddar götur og slóðir voru fyrir hesta um heiðar og skörð en bílfært varð ekki frá Búðum og alla leið til Reyðarfjarðar fyrr en 1954 og til Stöðvarfjarðar litlu fyrr. En Fáskrúðsfirðingar voru að mestu sjálfum sér nógir. Nýtnir og góðir bændur, hörkuduglegir sjómenn, lagnir handverksmenn og úrræðagóðir verslunarmenn mynduðu þann ramma sem hélt samfélaginu fastmótuðu. Góð og náin samvinna þessa fólks var lífsakkeri þess þar sem enginn hlekkur mátti breyta. Oddaverkstæðið var einn hlekkurinn, sveitin annar, sjósóknin hinn þriðji, framleiðslan og útgerðin hinn fjórði. Sjávarútvegurinn var auðvitað mjög háður Oddaverkstæðinu og ef gera þurfti við bát sat það fyrir.

Þar til nógu stór vörubíll kom til sögunnar verður ekki annað sagt en efnisaðdrættir hafi verið Oddaverkstæðinu örðugir. Efninu var skipað upp á bryggju úti í þorpi, síðan var því fleygt í sjóinn og dregið inn að Odda. Til að koma því í land voru notaðir kaðlar með króki á endanum sem höggvinn var í blakkirnar. Hver maður var með sinn krók svo að hægt var að koma jafnmörgum að og þurfa þótti til að toga. Þegar bátarnir höfðu verið smíðaðir varð að hleypa þeim af stokkunum á hlunnum því að dráttarbraut eða slippur var enginn. Slík vinna var harla

erfið.

HJÁ Einari Sigurðssyni unnu verklagnir og duglegir menn, bæði aðkomnir og þeir sem heima áttu á Búðum. Hverjum var skipað í það verk sem honum hæfði best og þegar dró úr bátasmíðinni var þeim, sem mesta reynsluna höfðu og Einar treysti best, falin húsasmíði í öðrum héruðum, á Djúpavogi, Eskifirði, Reyðarfirði og uppi á Héraði. Nokkra lærlinga í trésmíði tók Einar en ekki munu menn hafa lokið þar prófi í skipasmíði.”⁵⁵



Minnisskjöldur um Rex NS 3, við bátinn. Ljós. HMS 2018

⁵⁵ Að mestu tekið beint upp úr grein Þórhalls Guttormssonar: Öld frá fæðingu athafnamanns. Mbl. 5. júlí 1997. Lesbók.



Geir Hólm í Gömlubúð 2015. Ljósmynd: vimeo.com/123346857

Sjónarmið Geirs Hólms

viðtalspunktar 18.7. 2018

Geir tók við af Hilmar Bjarnasyni, var safnvörður Sjóminjasafns Austurlands frá 1982 til 2002, fyrst í hálfu starfi, svo í fullu. Hann var einnig trésmiður.

Það gekk á ýmsu á safninu, m.a. hrakningar með safngripi úr einni geymslu í aðra.

Tæplega 100 ára gamall árabátur tapaðist í Síldarsjóhúsinu þegar það brann.

Núna er enginn áhugi á sjóminjasafninu, ekkert að gerast.

Örlygur á Siglufirði fékk sjálfboðaliða með sér, það tókst aldrei á Eskifirði.

Síldarsjóhúsið var keypt undir Nakk. Sjóminjasafnið á það, ríkið borgaði sinn hlut.

Geir kom því til leiðar að Nakkur fór þar inn fyrir 12 árum eða svo.

Draumurinn var að þar yrði bátasafn. Jafnvel að Gautur, Hrólfur Gautreksson, kæmi frá

Neskaupstað. Húsið er um 600 fm að stærð. Auðvelt er að stækka það í 800 fm. Sökkullinn fyrir stækkun er til staðar sem og grindurnar, stálbitarnir.

Það er enginn einn umsjónarmaður með sjóminjasafninu núna. Safnmunir liggja í Síldarsjóhúsinu og ekkert gert við þá. Pétur Sörensson er eini safnvörðurinn yfir 5-6 söfnum Fjarðabyggðar. Hann getur ekki sinnt þeim öllum. Honum er ætlað allt of mikið. Á sumrin sjá eldri borgarar um söfnin, að afgreiða þar.

Það sem nú skortir er áhugi, m.a. hjá ráðamönnum. Sævar og Berglind á Mjóeyri höfðu frumkvæði að því sem búið er að gera í Randulff-sjóhúsi. Þau lögðu peninga í það og fengu niðurfellingu á gjöldum í staðinn. Annars væri húsið lokað.

Við getum ekki geymt skip úti til lengdar. Ef þau eru inni þarf ekkert að gera. Það dettur engum í hug að hús þurfi ekki viðhald. En menn virðast hissa á að skip þurfi viðhald. Menn vilja hafa skip á floti sem er óábyrgt, of dýrt.

Sveitarfélagið er tregt til að leggja til fé í söfn. Franski spítalinn er þar undantekning, ljósi punkturinn, settur var peningur í hann.

Það er slæmt að safnið skuli ekki geta rekist á eðlilegan hátt. Kannski er það partur af þeirri stefnu að fækka söfnum. Á að fækka söfnum? Hvaða söfn eiga þá að lifa?

Hvers vegna var Eskifjörður valinn fyrir Sjóminjasafn Austurlands á sínum tíma? Þar var mest af húsum og búnaði.

HMS



Húsafriðunarnefnd heiðrar Hilmar Bjarnason og Geir Hólm

Höfundur: Steinunn Ásmundsdóttir • Skrifað: 16. desember 2009.

Í fyrra tók Húsafriðunarnefnd upp þá nýjung að veita viðurkenningu fyrir störf að húsverndarmálum og beindi þá sjónum sínum að varðveislu á gömlum verslunarinnréttingum og hvernig mætti nýta þær við nútímalegar aðstæður. Núna hefur nefndin ákveðið að vekja athygli á merku brautryðjendastarfi, sem unnið er úti á landsbyggðinni – oft við erfiðar aðstæður og takmarkaðan skilning – og heiðra tvo aldna forvígismenn húsverndar á Eskifirði, þá Hilmar Bjarnason og Geir Hólm.



Í tilkynningu frá Húsafriðunarnefnd segir að eljusemi þessara manna og barátta fyrir verndun varðveisluverðrar byggðar og húsa hafi haft margvísleg áhrif á Eskifirði. Má þar nefna gerð húsakönnunar en niðurstöður hennar voru notaðar til að afmarka og skilgreina hverfisvernd í aðalskipulagi bæjarins, þá fyrstu hér á landi. Hilmar Bjarnason átti frumkvæði að því að varðveitt voru eftirtalin þrjú hús á Eskifirði: Gamla-búð (byggð 1816), Randulfssjóhús (byggt 1882/1890) og Jensenshús (byggð 1837). Árið 1966 hóf hann að tala fyrir húsvernd og á vettvangi Byggðarsögunefndar Eskifjarðar vann hann að varðveislu umræddra húsa af alúð, ósérplægni og dæmafárri þrautseigju. Geir Hólm sá um lokafrágang á Gömlu-búð, endurbyggingu Randulfssjóhúss ásamt tilheyrandi bryggju og bar hitann og þungann af endursmíð Jensenshúss. Auk þess sá hann um endurnýjun vitans á Dalatanga, tryggði varðveislu Sómastaða við Reyðarfjörð, mældi og teiknaði Eskifjarðarkirkju og kaupmannshúsið í Útkaupstað og smíðaði stórt líkan af byggðinni á Eskifirði. Hann veitti Sjóminjasafni Austurlands forstöðu um árábil.